

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

216. fundur

Þriðjudaginn 14. apríl 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 10:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Gunnar Valur Gíslason.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá fundar:

1. Aksturútboð Strætó bs.

Tekið fyrir:

1. Akstursútboð Strætó bs.

Umfjöllun um fyrirhugað akstursútboð hefur átt sér stað í stjórn Strætó frá því á fundi hennar 31. október 2014.

Á fundi stjórnar 27. mars sl. var framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu í samræmi við umræður á fundinum, sem lögð yrði fyrir eigendafund Strætó til afgreiðslu. Á eigendafundi Strætó 13. apríl 2015 gerði stjórn Strætó grein fyrir meginforsendum varðandi fyrirhugað akstursútboð. Rætt var um kosti og galla mismunandi útboðsleiða og tengsl útboðsins við áhættumat verkefna í grein 4.3 í eigendastefnu Strætó bs, sem og tengsl við ákvæði í 66. og 94. grein núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að ef fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga byggðasamlagsins fer yfir 5% af höfuðstól skuli viðkomandi skuldbinding lögð fyrir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Strætó samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.

Enda þótt aksturssamningar verktaka á rúmlega 40% akstursstundum Strætó hafi verið við lýði um margra ára skeið lítur stjórn Strætó svo á að ákvæði gr. 4.3 í eigendastefnu fyrirtækisins eigi við um endurnýjað akstursútboð nú og að áður en lokaákvæðanir eru teknar um fjárskuldbindingar sem af nýjum aksturssamningum leiðir beri stjórn Strætó að meta áhættu sem í þeim kann að felast. Í samræmi við eigendastefnu beri að leggja ákvarðanir ásamt áhættumati fyrir eigendafund til að gera eigendum kleift að meta þær í samræmi við hlutverk sitt sem ábyrgðaraðila.

Stjórn Strætó bs. óskar eftir skriflegu álitum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um túlkun 66. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 m.t.t. byggðasamlaga. BH, JSR og GVG er falið að fullvinna greinargerð stjórnar varðandi akstursútboð 2015 fyrir eigendafund sem fyrirhugaður er næstkomandi föstudag, 17. apríl 2015.

Fleira var ekki tekið fyrir.


Fundi slitið kl. 11:00



Bryndís Haraldsdóttir



Theódóra S. Þorsteinsdóttir



Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir



Einar Birkir Einarsson



Gunnar Valur Gíslason